

Umsögn

Sendandi: Útgáfufélagið Stundin ehf, Jón Trausti Reynisson ritstjóri/framkvæmdastjóri.

25.febrúar 2020.

150. löggjafarþing 2019–2020. Þingskjal 82 — 82. mál.

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um ársreikninga og lögum um hlutafélög (aukinn aðgangur að ársreikningaskrá og hlutafélagaskrá).

Varðandi breytingu á 109. gr. Laga 3/2006 og 147. gr. laga 2/1995.

Útgáfufélagið Stundin ehf. styður frumvarpið eindregið út frá hagsmunum fjölmiðla og almannahagsmunum.

Hagsmunir fjölmiðla

Fjölmiðlar sem stunda rannsóknir eiga beina fjárhagslega hagsmuni undir því að afnema kostnaðarþröskuld við upplýsingaleit í ársreikningum.

Kostnaður Útgáfufélagsins Stundarinnar ehf. vegna viðskipta við einkafélag sem framselur upplýsingar um ársreikninga hefur numið 1,1% til 2,2% af árlegum heildarrekkstrarkostnaði félagsins síðustu tvö ár.

Stundin hlaut blaðamannaverðlaun Íslands fyrir rannsóknarumfjöllun um eignarhald á íslenskum jörðum árið 2019. Kostnaður vegna kaupa á upplýsingum vegna þessarar einu umfjöllunar nam um ein milljón króna. Þegar illa árar í rekstri fjölmiðla, eins og almennt gerir, er líklegt að af slíku verkefni verði ekki vegna þeirra viðskiptahindrana sem eru til staðar.

Almannahagsmunir

Núverandi gjaldtaka vegna ársreikninga fyrirtækja er á endanum viðskiptahindrun sem eykur viðskiptakostnað. Aukið gagnsæi í viðskiptum styrkir trúverðugleika og getur þar af leiðandi leitt til aukins trausts til lengri tíma, sem er grunnforsenda viðskipta og fjárfestinga. Niðurfelling á upplýsingahindrunum er þannig hagsmunamál fyrir atvinnulífið jafnt sem almenna borgara.

Fjöl mörg dæmi eru af samfélagslega og hagfræðilega jákvæðum afleiðingum aukins gagnsæis, en þær eru ófyrirsjáanlega og óáþreifanlega miklar. Sem dæmi má nefna að almennir borgarar hafa auknar forsendur til þess að senda fjölmiðlum vandaðar ábendingar sem tengjast atvinnulífinu og rekstri. Aukið gagnsæi hefur almennt þær afleiðingar að vinna gegn spillingu og þar með sóun. Frumvarpið styrkir upplýsingarétt og eykur gæði ákvarðanatöku.